

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innflutning á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla nr. 449/1982.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Skoðunargjald að upphæð kr. 2 500,00 skal fylgja með umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breytingu á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geisla virkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Sólímans Lárussonar, útfegin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 19. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ólafs Sólímans Lárussonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Ólafs Sólímans Lárussonar. Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 100 000,00. Heimili minningarsjóðsins er Keflavík.

2. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að auka menntun og hæfni starfsmanna þjónustumiðstöðvar Þroskahjálpar á Suðurnesjum með því að veita þeim styrki til náms og eða framhaldsnáms.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki og skulu þær auglýsingar hengdar upp innan stofnunarinnar.

Umsóknir um styrki úr minningarsjóðnum skulu sendar sjóðstjórn fyrir 1. nóvember ár hvert. Sjóðsstjórn úthlutar árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum að eigin mati og skal styrkveitingin kunngerð hinn 28. desember ár hvert. Sjóðsstjórninni er heimilt að fella niður styrkveitingu einstök ár.

3. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni er heimilt að úthluta styrkjum samkv. 2. gr. sem svarar $\frac{2}{3}$ hl. ávöxtunarfjár, en $\frac{1}{3}$ hl. leggist við höfuðstólinn. Þetta hlutfall má hækka ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 100 000,00 svo og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins í Útvegsbanka Íslands, Keflavík og leita ráðleggingar bankans um hagstæðustu ávöxtun hverju sinni.

5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar 5 manna sjóðsstjórn. Þrír skulu vera úr stjórn Proskahjálpar á Suðurnesjum, þ. e. formaður, ritari og gjaldkeri og tveir tilnefndir af niðjum Ólafs Sólímans Lárussonar.

Að afloknum hverjum aðalfundi Proskahjálpar á Suðurnesjum, kemur sjóðsstjórnin saman og skiptir með sér verkum.

Sjóðsstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín í þágu minningarsjóðsins. Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók og skráir þar einnig allar umsóknir og ákvarðanir um styrkveitingar, svo og hvað annað sem hún ræðir um varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans. Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn ef meirihluti sjóðsstjórnarmanna er sammála um þær.

6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er Almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af kjörnum endurskoðendum Proskahjálpar á Suðurnesjum og færður inn í fundargerðarbókina.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta. Þó getur stjórnin vikið frá aðaltilgangi í sérstökum tilfellum án breytinga á skipulagsskrá, en þó aðeins að allir stjórnarmenn séu því samþykkir.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í þorskfisknet um páska 1984.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 22,00 17. apríl 1984 til kl. 12,00 á hádegi 24. apríl 1984 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi, með áorðnum breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.